

Alþingi
Erindi nr. P 139/2087
komudagur 28.4.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 27. apríl 2011.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mat á skilaverði eignasafns Landsbanka Íslands hf.,
þskj. 952 – 563. mál.

Umsögn þessi stafar frá *skilanefnd og slitastjórn Landsbanka Íslands hf. (í slitameðferð)* og varðar framangreint málefni sem vísað var til umsagnar af hálfu *efnahags- og skattanefndar* Alþingis. Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis dags. 11. apríl síðastliðinn þar að lútandi.

Sú tillaga til þingsályktunar sem umsögn þessi varðar er svohljóðandi: „*Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að ráða, í samráði við formenn stjórnarmálflokka, tvö óháð ráðgjafarfyrirtæki til að meta skilaverð eignasafns Landsbanka Íslands hf.*“ Í skýringum í greinargerð kemur m.a. fram að forsendur hennar séu væntanlega þjóðaratkvæðagreiðsla um hið svokallaða Icesave mál. Er á það bent að sjálfstætt mat á skilaverði eigna Landsbanka Íslands hf. þurfi að liggja fyrir og vera aðgengilegar öllum en jafnframt þurfi að liggja fyrir mat á því hvenær útgreiðslur helstu eigna geti hafist. Gert er ráð fyrir því að Alþingi feli fjármálaráðherra að ráða tvo óháða sérfræðinga og að náði samstarf verði haft við formenn stjórnarmálflokka um það val.

Þó ætla megi að tilefni tillögunnar sé ekki lengur fyrir hendi, eða a.m.k. ekki það sama og lýst er í greinargerð með henni, hefur nefndasvið Alþingis upplýst að óskað sé umsagnar allt að einu. Í ljósi þess og með vísan til efnistaka tillögunnar að öðru leyti telja skilanefnd og slitastjórn er rétt að láta í té umsögn þessa.

Um mat á skilaverði eignasafns Landsbanka Íslands hf.: Lagaumhverfi slitameðferðar Landsbanka Íslands hf. ræðst af ákvæðum B. hluta XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, nánar tiltekið ákvæðum 101. – 104. gr. laganna. Þar er í veigamiklum atriðum vísað til tiltekinna ákvæða laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Þannig gilda reglur síðarnefndu laganna í öllum meginatriðum um stöðu og störf slitastjórnar fjármálafyrirtækis (og þar með skilanefndar eftir atvikum skv. 3. tölulið bráðabirgðaákvæðis V), meðferð krafna á hendur slitabúi og stöðu kröfuhafa. Það sama á við um stöðu þriðja manns gagnvart búinu, meðal annars um aðgang að gögnum búsins.

Rétt er að hafa í huga að það er viðurkennd meginregla við meðferð búskipta, bæði á Íslandi og erlendis, að gætt sé jafnræðis kröfuhafa í hvívetna og allar undantekningar frá slíku jafnræði séu túlkðar þröngt. Jafnræði kröfuhafa tekur til alls þess sem varðar hagsmuni þeirra, þar með talið aðgang að upplýsingum og gögnum er varða hagsmuni bús.

Með sama hætti og gildir um skipti á þrotabúum þá er lagaumhverfi slitameðferðar fjármálafyrirtækis miðað við það að slitastjórn og skilanevnd eftir atvikum fari með málefni búans og ráðstafi hagsmunum þess ásamt því að kynna kröfuhöfum stöðu mála og einstakar ráðstafanir, sem og stöðu og mat á eignum. Réttur kröfuhafa til að fá aðgang að upplýsingum um fjárhagsleg málefni búans er takmarkaður við „*reikninga búans*“ sem skiptastjóra ber að gera yfirlit um skv. nánari ákvæðum 78. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Þó er líklegt að kröfuhafar, og aðrir sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta, geti krafist þess að fá aðgang að tilteknum gögnum og upplýsingum eða skjölum sem varða einstök mál, sbr. nánar 80. gr. sömu laga. Slíkur aðgangur er háður því að sýnt sé fram á sérstaka lögvarða hagsmuni hverju sinni og gildir þá einu hvort sá sem óskar aðgangs sé kröfuhafi eða ekki.

Þegar um slitameðferð fjármálafyrirtækis er að ræða ber, auk framanritaðs, að hafa í huga sérstakar reglur um þagnarskyldu og trúnað, þ.e. reglur um hina svokölluðu bankaleynd. Þannig liggur fyrir að þeir sem fara með slitameðferð fjármálafyrirtækis eru bundnir af meginreglum 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki og þar með bundnir „...þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess...“.

Þau yfirlit sem lögð hafa verið fram og kynnt kröfuhöfum ársfjórðungslega í slitameðferð Landsbanka Íslands hf. eru eins ítarleg um fjárhagsleg málefni búans og kostur er miðað við reglur um þagnarskyldu. Reglur um þagnarskyldu varðandi viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna fjármálafyrirtækis eru afar mikilvægar og ekki verður heldur hjá því litið að hagsmunir slitabús fjármálafyrirtækis kunna beinlínis að vera fölgirnir í því að ekki sé upplýst með ítarlegum hætti um einstök viðskipti eða hagsmuni viðskiptamenn þar sem slíkt kynni að hafa í för með sér neikvæð áhrif á stöðu viðkomandi viðskiptamanns og leiða til lakari heimta af kröfum á hendur honum. Að því leyti hafa kröfuhafar slitabúsins oft beinan hag af því að varlega sé farið með upplýsingar um einstakar eignir eða viðskiptamenn búans.

Hér að framan var vikið að meginreglum um jafnræði kröfuhafa. Svo háttar til að við slitameðferð Landsbanka Íslands hf. hafa tilteknir kröfuhafar óskað eftir því að fá að rannsaka nánar eignasafn bankans. Öllum slíkum beiðnum hefur verið hafnað af hálfu skilanevndar og slitastjórnar bankans, bæði vegna þess að lagaumhverfi gerir ekki ráð fyrir því að slíkur aðgangur sé veittur, þvert á móti, og eins þykir það brjóta gegn meginreglum íslenskra laga og alþjóðlegum grundvallarreglum um jafnræði að veita einstökum kröfuhöfum eða hópum kröfuhafa aðgang að upplýsingum sem öðrum standa ekki til boða. Loks er ekki loka fyrir það skotið að einhverjir þeirra sem krafist hafa aðgangs séu að freista þess að afla sér forskots í viðskiptum með kröfur á hendur bankanum. Við slitameðferð Landsbanka Íslands hf. hefur því verið lögð á það megináhersla að allir kröfuhafar sitji við sama borð er kemur að upplýsingum um eignasafn bankans og skilaverð þess. Gildir þar einu hver kröfuhafinn er, enda fráleitt að taka þá áhættu í starfseminni að brjóta gegn meginreglum um jafnræði kröfuhafa með alls ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Hjá bankanum starfar stór hópur afar hæfra innlendra og erlendra sérfræðinga sem gjörþekkja eignasafnið og hafa unnið með það jafnvel allt frá hrúni á haustmánuðum 2008 eða jafnvel lengur í ákveðnum tilfellum. Þessir aðilar hafa enga hagsmuni af niðurstöðum áætlana um skilaverð eigna bankans hverju sinni heldur byggja starf sitt á faglegum forsendum. Þá hefur bankinn leitað í umtalsverðum mæli til færustu sérfræðinga sem völ er á við úrlausn og ákvarðanatöku í einstökum málum. Matsaðferðir á skilaverði og ætluðum endurheimtum hafa verið teknar út og metnar

sérstaklega af sjálfstæðum matsaðilum í tvígang og í bæði skiptin hafa þær verið taldar standast allar gerðar kröfur. Fjárhagsupplýsingar bankans eru birtar ársfjórðungslega og þar koma fram allar helstu kennitölur sem á annað borð er heimilt að veita lögum samkvæmt. Stærstur hluti eignasafns bankans er aukinheldur bundinn í tilteknum stórum eignum sem eru þekktar, þ.m.t. um það bil þriðjungur af matsvirði eigna í peningum, og þá liggur fyrir að matsaðferðir hafa sannað sig í meginatriðum á þeim tíma sem liðinn er frá hrúni.

Sú tillaga til þingsályktunar sem umsögn þessi lýtur að miðar að því að fjármálaráðherra fái tvö erlend fyrirtæki til að meta ætlað skilaverð eigna bankans. Til að slíkt mat þjóni tilgangi sínum þyrftu umrædd matsfyrirtæki að fá aðgang að trúnaðargögnum og upplýsingum í trássi við lagaheimildir og viðurkenndar meginreglur eins og að framan greinir. Skilanefnd og slitastjórn Landsbanka Íslands hf. er óhjákvæmilegt að mæla eindregið gegn því, enda myndi það í senn krefjast veigamikilla breytinga á lögum og hafa í för með sér umtalsverða röskun á lagalegum grundvelli slitameðferðarinnar bæði hér á landi og erlendis með alls ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir hagsmuni búsins í heild sinni og þar með kröfuhafa þess.

Um mat á tímasetningu útgreiðslna: Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að meta þyrfti einnig „hvenær útgreiðslur helstu eigna gætu hafist“. Þó ekki sé vikið að þessu í texta tillögunnar sjálfar þykir engu að síður rétt að fjalla um þetta atriði sérstaklega í umsögn þessari.

Reglur um útgreiðslur til kröfuhafa í slitameðferð Landsbanka Íslands hf. er að finna í 6. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Hér er um sérstakar reglur að ræða sem bera ekki með sér skírskotun til ákvæða laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Samkvæmt berum orðum ákvæðisins er um heimild að ræða fyrir slitastjórn fjármálafyrirtækis. Í því felst að slitastjórn tekur ákvörðun um það á eigin forsendum í samræmi við skyldur sínar lögum samkvæmt hvort heimildinni verði beitt og hvenær. Við það mat þarf slitastjórnin að horfa til lagalegra skilyrða fyrir greiðslu þess flokks krafna sem um ræðir, hagsmuna búsins og kröfuhafa þess almennt auk stöðu sinnar og ábyrgðar í því sambandi. Með sama hætti og gildir um skiptastjóra ber slitastjórn að virða hagsmuni búsins framar hagsmunum einstakra kröfuhafa, fari þeir ekki saman, og gildir það ekki síst um þá ákvörðun slitastjórnar að beita heimild til útgreiðslu skv. 6. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Skilyrði fyrir greiðslu upp í kröfur eru ýmiskonar en það sem helst hefur þýðingu í þessu samhengi er að eingöngu er greitt upp í viðurkenndar kröfur. Viðurkenndar kröfur eru þær kröfur sem hafa verið samþykktar af slitastjórn án andmæla annarra kröfuhafa, ellegar samþykktar af íslenskum dómstólum með endanlegum dómi Hæstaréttar (eða héraðsdóms hafi úrskurður hans ekki verið kærður til Hæstaréttar). Er þetta er ritað er enn svo að meginþorri forgangskrafna á hendur Landsbanka Íslands hf. er umdeildur og dómsmál um réttmæti þeirra og forgang rekin fyrir íslenskum dómstólum. Það er því ljóst að heimild slitastjórnar til að ákveða útborgun til kröfuhafa verður ekki nýtt fyrr en í fyrsta lagi eftir að fyrirbyggjandi eru dómar Hæstaréttar um helstu og veigamestu flokka forgangskrafna og þar með þann forgangsrétt sem innstæðukröfum var fyrst veittur með lögum nr. 125/2008 í október 2008. Er þar um að ræða kröfur vegna innstæðna á svokölluðum Icesave reikningum í Holland og Englandi annars vegar og hins vegar krafna vegna svokölluðra heildsöluinnlána sem tekið var við í báðum löndum í útibúum Landsbanka Íslands hf. Það er hvorki á hendi slitastjórnar né erlendra matsfyrirtækja að svara til um það hvenær niðurstaða Hæstaréttar Íslands getur legið fyrir en það má þó taka fram að slitastjórn telur yfirgnæfandi líkur benda til að það verði á þessu ári. Þá hafa álitæfni

um lögmati forgangsréttar sem rekin kunna að vera fyrir alþjóðlegum dómstóium gegn Íslandi vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga Íslands ekki áhrif á slitameðferð Landsbanka Íslands hf. og munu að mati undirritaðra ekki hafa fyrisjáanleg áhrif á útgreiðslur.

Rétt er að hafa hugfast að hinn umdeildi forgangsréttur krafna um innstæður byggir á rétt hæð skv. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Rétt hæri eru því kröfur sem njóta forgangs skv. 109. – 111. gr. sömu laga, sbr. einnig 3. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Ef meta á hvenær „útgreiðslur helstu eigna gætu hafist“ þarf óhjákvæmilega að gæta vandlega að því skilyrði að haldið sé eftir í búinu fjármunum sem duga annars vegar til fullrar greiðslu krafna sem notið geta hærri forgangsréttar en samkvæmt 112. gr. laganna og hins vegar jafn mikils hluta allra annarra krafna sem standa eins í réttindaröð, þ.e. njóta forgangs samkvæmt 112. gr. laganna, en eru umþrættar enn um sinn og hefur ekki verið endanlega hafnað við slitin. Þar er vitaskuld ekki eingöngu um að ræða kröfur vegna innstæðna heldur ýmsar aðrar forgangskröfur þó þær nemi að sönnu umtalsvert lægri fjárhæðum en téðar innstæðukröfur. Fjármunir, sem haldið er eftir skv. framangreindu, skulu lagðir inn á sérstakan geymslureikning samkvæmt því sem fram kemur í 6. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki, eins og ákvæðinu var breytt með 50. gr. laga nr. 75/2010. Ekki er ljóst hvaða kröfur eru gerðar til sérstakra geymslureikninga í skilningi ákvæðisins og lögskýringargögn geyma takmarkaða innsýn í það. Á hinn bóginn er lögmaelt forsenda þess að slitastjórn nýti heimild sína til greiðslu að hægt sé að stofna sérstaka geymslureikninga í skilningi ákvæðisins og færa þar inn þá fjármuni sem leggja þarf til hliðar. Loks er það skilyrði fyrir útgreiðslu samkvæmt framangreindu heimildarákvæði að allir kröfuhafar sem á annað borð eiga rétt á greiðslu fái hana á sama tíma, nema því aðeins ef viðkomandi kröfuhafar samþykkja að bíða eða fallast á að semja um eingreiðslu og gefa eftir hluta af kröfu sinni.

Rétt er að taka fram að lagaskilyrði fyrir útgreiðslum eru í meginatriðum byggð á þeirri grundvallarreglu að jafnræði kröfuhafa sé ekki raskað og að menn eigi að sitja við sama borð og aðrir kröfuhafar sem standa jafnfætis í réttindaröðinni. Frá þessum reglum er því vitaskuld ekki unnt að gera frávik í því skyni að tryggja einum kröfuhafa eða hópi kröfuhafa með eina gerð krafna hærra undir höfði en öðrum sem standa jafnfætis eða framar með sínar kröfur.

Hér að framan er getið helstu þátta sem ráða niðurstöðu mats um það hvenær útgreiðslur úr slitabúi Landsbanka Íslands hf. geta hafist. Eins og fram kemur er það annars vegar komið undir rekstri og niðurstöðu dómsmála og hins vegar undir mati slitastjórnar og ábyrgð hennar á því að öll lagaskilyrði séu uppfyllt. Vandséð er að erlend matsfyrirtæki séu þess umkomin að meta með nokkurri vissu hvenær útgreiðslur úr slitabúi Landsbanka Íslands hf. geti hafist enda er framkvæmd útgreiðslna byggð á ákvæðum íslenskra laga.

Niðurstaða: Að öllu framangreindu virtu er það skoðun skilanefnar og slitastjórnar Landsbanka Íslands hf. að leggjast gegn þeirri tillögu til þingsályktunar sem umsögn þessi lýtur að.

Virðingarfyllt,
Skilanefnd og slitastjórn Landsbanka Íslands hf. (í slitameðferð)